



Borgarráð

Reykjavík, 10. júní 2026
USK26050328

Skúlagata 11 - afnotasamningur - Ístak hf.

Óskað er eftir samþykki borgarráðs vegna afnotasamnings um 300 m² hluta lóðar að Skúlagötu 11 í Reykjavík.

Greinargerð

Verktakafélagið Ístak hefur óskað eftir því að taka á leigu um 300 m² svæði á lóðinni Skúlagötu 11, lóð með landeignanúmer: L101019. Hið leigða svæði verður nýtt sem tímabundin aðstaða vegna viðhaldsframkvæmda við fjölbýlishúsið að Vatnsstíg 20–22. Aðstaðan mun samanstanda af efnis- og verkfæragámum, vinnuskúrum og tengingu við brunn á borgarlandi fyrir salernisaðstöðu starfsmanna.

Afnotasamningurinn er tímabundinn í eitt ár frá samþykki hans. Við lok samningstímans fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi og framlengist ekki.

Ístak greiðir kr. 1.000.000, *skrifað ein milljón*, fyrir afnot lóðarhlutans á samningstímanum. Leiguverðið tekur m.a. mið af sambærilegum afnotum hjá Eftirlits- og afnotadeild Umhverfis- og skipulagssviðs og gjaldskrá þeirra.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: AFNOTASAMNINGUR af Skúlagötu 11



Reykjavík



USK26050328

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (hér eftir nefndur „afnotagjafi“) og Ístak hf., kt. 430214-1520, (hér eftir nefndur „afnotahafi“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

AFNOTASAMNINGUR

vegna hluta lóðar Skúlagötu 11

1. gr.

Hið leigða

Afnotahafi tekur á leigu um 300 m² af svæði á lóðinni Skúlagötu 11, þ.e. hluta lóðar nr. L101019, sbr. fylgiskjal 1. Hið leigða land verður nýtt sem tímabundin aðstaða vegna viðhaldsframkvæmda við fjölbýlishúsið að Vatnsstíg 20–22. Aðstaðan mun samanstanda af efnis- og verkfæragámum, vinnuskúrum og tengingu við brunn á borgarlandi fyrir salernisaðstöðu starfsmanna. Óheimilt er að nota hið leigða til annarra en þeirra nota sem greinir í þessari grein. Afnotahafi skal á eigin kostnað sjá um alla uppsetningu á svæðinu, þ.á.m. girðingar og skal afnotahafi tryggja að öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir vegna nýtingar svæðisins, m.a. frá Veitum eða öðrum viðeigandi aðilum.

2. gr.

Gjald

Afnotahafi greiðir einu sinni fyrir afnotin, samtals 1.000.000 kr. *skrifað krónur ein milljón*. Gjaldið greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. september 2026 og eindaga 15 dögum síðar.

3. gr.

Gildistími

Afnotasamningur þessi er tímabundinn og gildir til eins árs frá undirritun samnings þessa. Við lok samningstíma fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

4. gr.

Rekstrarkostnaður og viðhald

Frá upphafi leigutíma skal afnotahafi greiða allan kostnað vegna reksturs hins leigða.

5. gr.

Skil á hinu leigða

Við lok samnings þessa skal afnotahafi skila hinu leigða til afnotagjafa. **Afnotahafi skal við samningslok fjarlægja allan búnað, gáma, vinnuskúra, tengingar og annað lausafé, og hreinsa svæðið og ganga frá yfirborði á sama hátt og þegar afnot hófust.** Verði afnotahafi ekki við þessu er afnotagjafa heimilt að fjarlægja allt af hinu leigða á kostnað afnotahafa.

6. gr.

Nýting á hinu leigða

Afnotahafa er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir í 1. gr. samnings. Öll framleiga og framsal er óheimil án skriflegs samþykkis afnotagjafa.

7. gr.

Skaðleysisákvæði

Afnotahafi ber fulla ábyrgð á allri starfsemi, notkun og umgengni á hinu leigða landi. Afnotahafi skuldbindur sig til að skaðleysisbæta afnotagjafa vegna hvers kyns krafna, tjóns, taps, kostnaðar eða ábyrgðar, þ.m.t. lögmanns- og málskostnaðar, sem kann að hljóttast af notkun hins leigða, athöfnum afnotahafa, starfsmanna, félagsmanna, gesta eða annarra sem hafa aðgang að svæðinu á hans vegum.

8. gr.

Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

9. gr.

Varnarping

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Afnotasamningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Samkomulag þetta er undirritað rafrænt.

Reykjavík, 9. júní 2026.

F.h. afnotahafa Ístak hf., Hermann Guðmundsson, yfirverkefnastjóri: tölvupóstur: hg@istak.is

F.h. afnotagjafa, Reykjavíkurborgar, Ragnheiður Sigvaldadóttir, skrifstofustjóri Eignastýringar:
tölvupóstur: Ragnheidur.Sigvaldadottir@reykjavik.is



Fylgiskjal: nr. 1 - Afmörkun hins leigða

